Tölvupóstur

08.07.2026

Með öllum netáskriftum hjá okkur fylgja allt að fimm netföng, en þau eru einnig í boði sem stök áskrift. Netföngin nota lénið *simnet.is* og hvert netfang fær 5 GB geymslupláss.

Vefpósthús

Þú getur nálgast pósthinn þinn hvar og hvenær sem er á[postur.simnet.is](postur.simnet.is).

Möppur

Pósthólfið þitt inniheldur möppur til að flokka tölvupósta. Þú ert með ákveðnar möppur sem fylgja pósthólfinu og þú getur auðvitað búið til fleiri ef þú vilt.

- Innhólf í vefpósti
  - Í innhólfið fer allur póstur sem sendur er til þín. Til að opna póstinn smellir þú einfaldlega á hann.
  - Þú getur eytt pósti með því að hægrismella á póstinn og velja Eyða.
- Sent
  - Sent mappan inniheldur alla pósta sem þú sendir úr netfanginu þínu.
- Drög
  - Drög inniheldur alla pósta sem þú byrjaðir að skrifa en ekki búið að senda.
- Ruslpóstur
  - Ruslpóstur inniheldur pósta sem hafa verið merktir sem rusl. Þú getur merkt pósta sem rusl með því að hægrismella á póst úr innhólfi og velja **Merkja sem ruslpóst**.
- Rusl
  - Ruslið inniheldur pósta sem er búið að eyða, póstarnir eru geymdir hér í 30 daga áður en þeim verður eytt. Þú getur eytt þeim alveg með því að smella á **Rusl** og velja **Tæma rusl.**
  - Ef pósti hefur verið eytt úr ruslinu er hægt að endurheimta þá með því að hægrismella á**Rusl** og velja **Endurheimta eydda hluti**.
    Þar er hægt að velja þá pósta sem þú vilt endurheimta og færa þá í möppu.
- Búa til möppu
  - Þú getur búið til möppu með því að smella á tannhjólið hægra megin við**Póstmöppur** og velja **Ný mappa.**

Öryggi

Öryggi skiptir miklu máli þegar kemur að internetinu og sérstaklega netföng sem innihalda oft viðkvæm gögn. Til að auka öryggi netfanga er alltaf gott að byrja á að vera með sterkt lykilorð og setja upp tvíþátta auðkenningu.

Sterkt lykilorð

Lykilorð fyrir Simnet verða að uppfylla eftirfarandi kröfur:

- Þarf að innihalda hástafi, lágstafi og tölu.
- Má hvorki innihalda séríslenska stafi (á ð é ú í ó þ ý æ ö) né tákn (dæmi: ! # $ % &).

- Verður að vera 10-15 stafa langt.

Breyta lykilorði

Þú getur breytt lykilorðinu þínu inn á postur.simnet.is með því að smella á nafnið þitt uppi í hægra horninu og smella svo á **Breyta lykilorði** eða á þjónustuvef símans:

- Skrá þig inn á þjónustuvef Símans með rafrænum skilríkjum.
- Smella á **Internet**
- Smella á **Lykilorð að tölvupósti.**
- Veldu netfangið sem þú ætlar að breyta.
- Settu inn nýtt lykilorð.
- Smelltu loks á **Staðfesta.**

Tveggja þátta auðkenning

Þú getur sett upp tveggja þátta auðkenningu fyrir Simnet í vefpósthúsinu. Sækja þarf auðkenningar forrit í símann þinn t.d. Microsoft Authenticator eða Google Authenticator.

- Smelltu á **Stillingar.**
- Veldu **Aðgangar.**
- Veldu Setup **Two-step authentication.**
- Veldu **Begin Setup.**
- Sláðu inn lykilorðið að **pósthólfinu** og veldu **Næsti.**
- Opnaðu auðkenningar forritið þitt og skannaðu QR kóðann eða sláðu inn auðkenningarlykilinn handvirkt.
- Veldu næsti og sláðu inn PIN sem auðkenningar forritið gefur upp og smelltu loks á næsti.

Stillingar

Þú getur stillt pósthólfið þitt alveg eins og þú vilt hafa það. Athugið að við breytingu þarf að smella á Vista til að breytingar taki gildi.

- Almennt
  - Hér er hægt að breyta útliti leturs, tungumáli og stilla leitina í vefpóstinum
- Aðgangar
  - Hér er hægt að breyta heiti aðgangs, nafni sem birtist þegar þú sendir póst
- Póstur
  Hér eru ýmsar stillingar eins og:
  - Vista drög af skeytum sjálfkrafa á meðan þau eru skrifuð
  - Vista afrit í Sent möppuna
  - Stilla ruslpóstsíu
  - Stilla aðganga frá öðrum póstforritum. t.d. kveikja og slökkva á IMAP og POP
- Síur
  - Hér er hægt að setja upp, virkja, afvirkja og keyra síur fyrir innkomandi og útfarandi póst
- Undirskriftir
  - Hér er hægt að búa til undirskriftir sem birtast sjálfkrafa undir pósti sem þú sendir.
- Ekki við

    - Ekki við eða "out of office" sendir sjálfvirkt svar þegar þú ert ekki við.
- Netföngum sem er treyst
    - Hérna getur þú sett inn netföng sem þú treystir. Póstur frá þessum netföngum eða lénum er treyst og myndir í þeim birtast sjálfkrafa.
- Dagatal
    - Hér er hægt að breyta almennum stillingum fyrir dagatalið eins og vinnuviku og tíma.
- Tilkynningar
    - Hér er hægt að setja upp tilkynningar. Þegar þú færð póst í Simnet þá fer tilkynning í annað netfang.
- Connected Devices & Apps
    - Hér sérðu hvaða tæki eru skráð inn í pósthólfið þitt og hvaða tæki.
- Flytja inn / Flytja út
    - Hér getur þú flutt út alla póstana þína sem Tar-GZ skrá og einnig flutt þá inn. Þú getur notað þetta til að taka afrit af pósthólfinu eða þegar þú ert að flytja pósta úr einu netfangi yfir á annað.
- Flýtileiðir
    - Hér er hægt að sjá allar flýtileiðir eða "shortcuts" í vefpóstinum.

Uppsetning í póstforriti

Þú getur auðvitað notað netföngin okkar í hvaða póstforriti sem þér hentar! Hér getur þú fundið leiðbeiningar fyrir uppsetningu í nokkrum algengustu póstforritum á markaðnum.

Áður en þú hefst handa borgar sig að hafa netfangið og lykilorðið á hreinu.

Áður en þú heldur áfram
Notkun póstforrita er alfarið á þinni ábyrgð og þjónustuverið okkar getur ekki aðstoðað við uppsetningu þeirra. Ef þú treystir þér ekki í uppsetningu mælum við með að nota vefpósthúsið okkar.

Athugaðu ef pósturinn hættir að samstilla sig eða biður sífellt um lykilorð er oftast fljótlegast að gera eftirfarandi:

1. **Fjarlægðu aðganginn:**
    - **iPhone:** Settings > Mail > Accounts > Veldu póstinn >**Delete Account**.
    - **Android:** Settings > Passwords & Accounts > Veldu póstinn >**Remove Account**.
    - **Macbook**: Opna Mail > Smella á Mail uppi í vinstra horni > Accounts > Veldu póstinn > **Delete Account**
2. **Bættu honum við aftur:**
    - Farðu í **Add Account** á sama stað og sláðu inn fullt netfang og lykilorð upp á nýtt.

Mail appið í iOS

Athugaðu að þessar leiðbeiningar eiga við nýjustu hugbúnaðaruppfærslu iOS

Opnaðu Settings appið og veldu Apps ->**Mail** -> **Mail Accounts**-> **Add Account** -> **Settu inn netfangið þitt** -> **Add Other Account...** -> **Mail Account**

Fylltu næst út grunnupplýsingar:

- **Name** er nafnið sem birtist þegar þú sendir póst
- **Email** er netfangið þitt
- **Password** er lykilorð netfangsins
- **Description** er valfrjáls lýsing, t.d. *Pósturinn minn*

Næst þarftu að fylla út stillingar fyrir póstþjón.

Undir *Incoming Mail Server*:

- **Host Name** skal vera *postur.simnet.is*
- **Username** er netfangið þitt
- **Password** er lykilorð netfangsins

Undir *Outgoing Mail Server*:

- **Host Name** skal vera *postur.simnet.is*
- **Username** er netfangið þitt
- **Password** er lykilorð netfangsins

Ýttu á **Next**, þá mun póstforritið staðfesta upplýsingarnar. Þegar það er komið smellirðu loks á **Save** þá er netfangið tilbúið til notkunar í Apple Mail.

Mail appið í macOS

- Opnaðu Mail appið
- Veldu Other Mail Account... og smelltu á Continue.

Fylltu næst út grunnupplýsingar:

- **Name** er nafnið sem birtist þegar þú sendir póst
- **Email Address** er netfangið þitt
- **Password** er lykilorð netfangsins
- Smelltu á Sign in

Í sumum tilfellum gætir þú þurft að fylla út ítarupplýsingar til að klára að setja upp pósthólfið:

- Email Address er netfangið þitt
- **Username** er netfangið þitt
- **Password** er lykilorð netfangsins
- Account Type mælum með að nota IMAP
- **Incoming Mail Server** skal vera *postur.simnet.is*
- **Outgoing Mail Server** skal vera *postur.simnet.is*
- Smelltu á **Sign in**

Ýttu loks á **Done** og þá er netfangið tilbúið til notkunar í Apple Mail.

Gmail appið í iOS

- Opnaðu Gmail appið og veldu **Skrá inn**
- Smelltu á **Add another account** ef þú færð þann valmöguleika
- Veldu **Annað (IMAP)**
- Skrifaðu inn netfangið þitt
    - Aðgangsorð er lykilorð netfangsins
    - **IMAP-þjónn** er postur.simnet.is
    - **Gátt** er 993
    - Tegund öryggis er SSL/TLS
- Smelltu á **Áfram**
    - **Aðgangsorð** er lykilorð netfangsins
    - **SMTP-þjónn** er postur.simnet.is
    - **Gátt** er *587*
    - ***Tegund öryggis*** *er STARTTLS*
- **Nafnið þitt** er nafnið sem birtist þegar þú sendir póst
- Ýttu loks á **Áfram** og þá er netfangið tilbúið til notkunar í Gmail.

Outlook í Android

- Opnaðu Outlook og veldu **Add account**.
- Skrifaðu inn netfangið þitt.
- Hakaðu við **Advanced settings** neðst í glugganum og fylltu út eftirfarandi reiti:
    - **Password** er lykilorð netfangsins.
    - **Server** er *postur.simnet.is*
    - **Username** er fullt netfang skrifað inn aftur.
- Ýttu loks á **hvíta hakið** og þá er netfangið tilbúið til notkunar í Outlook.

Outlook í Windows

Athugaðu að þessar leiðbeiningar eiga við nýjustu útgáfu af Outlook.

Opnaðu **Settings** og veldu **Accounts** -> **Add account**.

- Sláðu inn netfangið þitt og ýttu á **Continue**.
- Sláðu inn lykilorðið og ýttu á **Continue**.
- Ýttu á **Continue** og hinkraðu á meðan Outlook sækir póstana þína.
- Ýttu loks á **Done** og þá er netfangið tilbúið til notkunar í Outlook

Í sumum tilfellum gætir þú þurft að fylla út ítarupplýsingar til að klára að setja upp pósthólfið:

- **Incoming mail server** er *postur.simnet.is*
- **Incoming port number** er 993
- **Secure connection type:** SSL/TLS
- **Outgoing mail server** er *postur.simnet.is*
- **Outgoing port number** er *587*
- **Secure connection type:** *StartTLS*

Algeng vandamál

Flest vandamál með tölvupósta eru einföld stillingaratriði sem auðvelt er að laga en geta einnig oft verið flókin. Hér er smá samantekt yfir algengustu vandamálin og lausnir. Athugið að þetta á við um vefpósthús Símans nema annað sé tekið fram.

Nýir póstar eru ekki að berast

Ef þú ert ekki að fá nýjustu póstana eða þú sérð bara gamla pósta er það oftast vegna uppröðunar á innhólfi eða síu.

- Prófaðu að raða pósthólfinu eftir dagsetningu með því að smella á Móttekið uppi í hægra horninu í innhólfinu.
- Ef þú ert með virka síu getur þú prófað að afvirkja þær tímabundið, ef það virkar er einhver af síunum að valda því.
- Ef pósthólfið þitt er fullt færðu ekki nýja pósta. Þú getur skoðað það uppi í hægra horninu á vefpóstinum undir nafninu þínu. Ef stikan er rauð og komin alla leið er pósthólfið fullt og þú þarft að eyða út póstum til að losa pláss eða hafa samband við þjónustuverið til að stækka áskriftina

Ekki hægt að senda pósta

Það geta verið nokkrar ástæður fyrir því að þú getir ekki sent póst frá pósthólfinu þínu

- Villan "Unknown address error" þýðir að netfangið sem þú reyndir að senda á er ekki til
- Villan "Ekki var hægt að senda skilaboðin þar sem þú hefur farið yfir leyfilegan póst kvóta." þýðir að pósthólfið þitt er fullt. Þú þarft að eyða út póstum eða hafa samband við þjónustuverið til að stækka pósthólfið
- Stundum getur þetta verið vandamál með vafrann. Prófaðu að nota annan vafra eða nota incognito.

Póstur kemur í póstforriti en ekki vefpósti

Ef pósturinn berst í póstforritið þitt en ekki í vefpóstinn gæti verið að þú sért með POP3 aðgang uppsettan í forritinu. Við mælum með að nota IMAP.

- Færa þig úr POP3 í IMAP
    - Þegar þú færir þig úr POP3 yfir í IMAP þarf að hafa í huga að póstarnir sem eru aðeins í póstforritinu munu eyðast endanlega, þú þarft því að taka afrit af póstforritinu og flytja það inn í vefpóstinn.
- Þú getur látið vefpóstinn halda póstum sem POP3 reynir að eyða með að opna Stillingar, velja Póstur og haka **Merkja öll skeyti sem koma inn sem lesin, og skilja eftir eydd skeyti í innhólfinu**.

Svikapóstar

Netglæpum hefur fjölgað og óprúttnir aðilar sem oft eru hluti af skipulagðri glæpastarfsemi reyna allt til að komast yfir fjármuni okkar og persónuupplýsingar. Ein algengasta leiðin eru veiði- og svikapóstar þar sem siglt er undir fölsku flaggi og svikahrappar senda í nafni traustra fyrirtækja og fjármálastofnana. Þessir tölvupóstar geta verið á ensku sem og íslensku og ekkert okkar er óhult við að fá slíka pósta.

Með nokkrum einföldum ráðum er hægt að sjá hvort við getum treyst tölvupóstum sem okkur berast

Áríðandi tölvupóstur

Svikapóstar segja oft að mikilvægt sé að bregðast hratt við því annars muni þjónustu verði lokað, reikningur sé ógreiddur eða pakki ekki afhentur. Allt slíkt ætti að kveikja hjá okkur viðvörunarljós.

Innsláttar- og málfræðivillur

Flest íslensk fyrirtæki eru fagleg og vilja tala fallega og rétta íslensku. Innsláttar- og málfræðivillur, einkennileg orðanotkun

og notkun orða sem ekki eru til benda til þess að líklega sé um ruslpóst að ræða.

Grunsamlegur sendandi

Skoðaðu netfang sendanda vel. Svikahrapparnir nota oft netföng sem eru lík en þó ekki alveg eins. Skoðaðu hvort innsláttarvilla eða aukastafir séu í netfanginu. Síminn sendir t.d. aldrei tölvupósta nema frá @siminn.is netföngum.

Ekki smella á tengla

Það er hættulaust að opna og lesa tölvupósta en ekki gera neitt annað nema að vel athuguðu máli. Hægt er að færa músarbendilinn yfir tengla án þess að smella og þá sést hvert hann vísar. Þá þarf að skoða vel þá slóð og meta hvort hún vísi á réttan stað.

Ekki opna viðhengi

Svikapóstar geta innihaldið viðhengi sem líta eðlilega út en eru í raun úlfur í sauðagæru. Þar geta leynst alls konar óværur og vírusar sem geta valdið skaða. Ekki opna nein viðhengi nema þú eigir von á þeim, annars er betra að sleppa því.

Ef þú færð svikapóst

Þú getur látið okkur vita með að áframsenda svikapóstinn á vefveidi@siminn.is
Eftir það er þér óhætt að eyða honum úr pósthólfinu þínu. Ef svikapóstur kemur í nafni fyrirtækis getur verið gott að láta það fyrirtæki vita að svikahrappar séu að misnota vörumerki þess. Í mörgum tölvupóstforritum er hægt að tilkynna ruslpósta, það hjálpar sjálfvirkum síum að stöðva þá.



Áríðandi - Sjálfvirk boð um lokun póstsendinga frá bellasimonar@simnet.is vegna misnotkunar

12. Desember, 2025 13:50

Frá: "Síminn" <no-reply@siminn.is>

Til: "bellasimonar" <bellasimonar@simnet.is>

Athugið - þetta eru boð úr sjálfvirku kerfi - ekki er hægt að svara þessum pósti

Sjálfvirkt öryggiskerfi hefur orðið vart við óeðlilega hegðun á netfanginu bellasimonar@simnet.is og hefur verið lokað fyrir póstsendingar í gegnum pósthúsið postur.simnet.is

Algengasta ástæðan er sú að óprúttinn aðili hafi komist yfir lykilorð að netfanginu bellasimonar@simnet.is og misnoti. Vinsamlega breytið lykilorðinu fyrir netfangið á þjónustuvef Símans, þar er valið Internet - Áskrift og þjónustur - Tölvupóstur. Þar er valið Nýtt lykilorð. Einnig er mikilvægt að vírusskanna tölvuna til að koma í veg fyrir að frekari lokanir.

Þegar þessum breytingum er lokið er hægt að hafa samband við Netspjall Símans á siminn.is eða í síma 5506000 og velja 1 til að láta opna á þjónustuna aftur.
Vinsamlegast hafðu samband við okkur í síma 550 6000 ef þú telur að um mistök sé að ræða.

Kveðja,
Síminn

Síminn

Dæmi um raunverulegan póst frá Símanum.